

Bæjarfélagið okkar

Lýðræði og læsi

Lokaskýrsla til sprotasjóðs 2013



Nafn skóla:

Leikskólinn Holt, Stapagata, 260 Reykjanesbæ

Nafn verkefnisins:

Bæjarfélagið okkar, lýðræði og læsi

Nafn verkefnisstjóra:

Anna Wahlström og Halla Björk Sæbjörnsdóttir

Verkefnið hlaut styrk:

Skólaárið 2012-2013

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Að efla lýðræðisleg vinnubrögð meðal kennara og barna í starfi í anda Reggio Emilia með áherslu á læsi.

Að efla markvissa vinnu með skráningar með það að markmiði að gera kennurum kleift að rýna í og meta hvernig mögulegt sé að greina og bæta ákveðna þætti í starfinu.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Frá upphafi var gengið útfrá ferli eigindlegar starfendarannsóknar og það kynnt fyrir starfsfólki leikskólans. Talið er að starfið verði skilvirkara með þeim hætti þar sem kennarar hafi tækifæri til að rannsaka og leggja mat á eigin vinnu jafnframt því að þróa og breyta starfsaðferðum (Ferrance, 2000). Í vinnunni var stuðst við ferli starfendarannsóknar eins og því er lýst í bæklingi eftir Jóhönnu Einarsdóttur(2009) en því er skipt í eftirfarandi þætti; ígrunda starfshætti og gildismat, setja fram rannsóknarspurningar, skipuleggja, framkvæma, safna gögnum, meta og endurskipuleggja.

Byrjað var á því að halda kynningu og námskeið um viðfangsefnið „Bæjarfélagið okkar“ fyrir starfsfólk leikskólans. Því næst gafst þeim tækifæri til þess að ígrunda lýðræði og læsi og voru viðfangsefnið tekin fyrir í málstofum þar sem starfsfólk greindi þá þætti úr eldri skráningum. Uppeldisfræðilegar skráningar voru markvisst nýttar í þróunarverkefninu sem umræðugrundvöllur og þótti mikilvægt að allir hefðu þekkingu á og gætu nýtt sér möguleika þeirra. Fundir voru haldnir reglulega allt skólaárið til þess að styðja við starfsfólk, greina birtingarmyndir lýðræðis og læsis til þess að efla þá þætti frekar í starfinu sem og að meta og endurskipuleggja áhersluþætti þróunarverkefnisins.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Vel gekk að vinna eftir áætlun verkefnisins fyrir utan það að ekki var unnt að vinna bækling sökum þess að úthlutun styrks samræmdist ekki upphaflegri fjár beiðni í umsókn.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Tveir elstu árgangarnir unnu saman og starfsfólk þar var sammála um að hindranir voru nær engar. Öðru gildi um yngri deildina, þar sem starfsmannabreytingar urðu vegna fæðingarorlofs og langvarandi veikinda og var ljóst að nýtt starfsfólk þurfti tíma til að aðlagast starfinu og fundarhald varð með öðrum hætti. Deildarstjóri gerði sér grein fyrir því að halda þyrfti grunnstarfsemi gangandi og því var farið hægara yfir en engu að síður unnið að markmiðum verkefnisins.

Annað var að það reynist tímafrekt að vinna úr skráningum sem höfðu verið teknar upp með hljóðupptöku og tækjakostur var takmarkaður, því mættu vera fleiri myndvélur og diktafónar í leikskólanum þannig að aðgangur að þeim yrði greiðari.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Ávinningur verkefnisins hefur verið margþættur. Starfsfólk er virkara og öruggara með þær starfsaðferðir sem leikskólinn hefur að leiðarljósi, það er að segja vinnu í anda Reggio Emilia þar sem viðfangsefni eru tekin fyrir og þau rannsökuð til hlítar. Starfsfólk er færara um að meta og þróa jafnóðum tiltekna þætti starfsins og sjá möguleika í gegnum uppeldisfræðilegar skráningar.

Á matsfundunum kom einnig fram að starfsfólk áleit sig meðvitaðra um getu og virkni barnanna, gæfu þeim frekara ráðrúm og tíma til þess að leggja til hugmyndir, lausnir og leiðir en hingað til. Samvinnan jókst á milli barna og fullorðinna, þátttakan varð jafnari og starfsfólk átti auðveldara með að láta af stjórn og eftirláta börnum meira vægi í ferlinu.

Starfsfólk taldi hlutverk sitt og hæfni hafa eflst;

- „Mér fannst ég læra mest á þessu, það var að halda aðeins aftur að mér og vera ekki að stjórna“.
- „Vera meira áhorfandi, kannski ekki beint áhorfandi heldur þátttakandi og á þeirra level“
- „Að skynja betur getu barnanna“
- „Ekki koma alltaf með svörin“
- „Það var gagnlegt að vinna í takt við áhuga barnanna, frjálsræði fyrir börn og kennara og hefur kennt manni að hæfni þeirra og geta er meiri en maður gerði ráð fyrir. Nú er maður meðvitaðri“.

Skilningur starfsfólks á grunnþáttunum lýðræði og læsi hefur aukist. Það gerir sér betur grein fyrir hversu víðtæk þessi hugtök eru og hversu margar mismunandi nálganir geta verið í vinnu með börnum. „Um leið og þú þekkir betur til hugtakana nýtir þú þau meira og sérð að læsi og lýðræði er að finna allstaðar“.

Starfsfólk jafnt og börn eru meðvitaðri um nærumhverfi sitt, eru sjálfstæðir og áhrifaríkir aðilar í þekkingarleit. Samkvæmt starfsfólki hafði áhugi og eftirtekt barnanna aukist stöðugt í ferlinu. Þau deildu uppgötvunum sínum með öðrum, voru spurull um það sem vakti forvitni þeirra og vildu kanna frekar.

Fundirnir hafa mælst vel fyrir, þeir hafa virkað sem ákveðið utanumhald, þeir minna á það sem verið er að vinna að og samvinnan eflir og ýtir við nýjum hugmyndum.

Mat á verkefninu, samkvæmt umsókn

Verkefnið hefur haft áhrif á skólasterfið í heild, mikil vitundarvakning hefur orðið meðal kennara og barna, áhugi hefur eflst samfara aukinni þekkingu á starfsaðferðum og samstarfi á milli þeirra.

Eftir matsfundina og umræður liggur fyrir að starfsfólk ætlar að taka fyrir nýja grunnþætti með sama hætti og var viðhafður í þróunarverkefninu. Þótti þeim sú aðferð henta vel til þess að dýpka sameiginlegan skilning og bæjarfélagið okkar bjóða upp á mikla breidd sem fært væri að tengja við grunnþætti.

Niðurstöður verkefnisins

Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins.

Lýðræði

Í öllum hópunum var mikill áhugi, forvitni og virkni. Börnin höfðu frumkvæði að verkefnum og sjálfræðni þeirra var talið mikilvægt eins og tveir kennarar sögðu: „Þau fengu í raun og veru að gera allt sem kom upp í hugann“ og „börnin eru spurð um hvað þau vilja gera og þau stjórna mikið ferðinni sjálf“. Á fundi 1. febrúar voru kennarar að velta fyrir sér sjálfræði og sjálfstjórn barna og hlutverki kennara í þessu samhengi. Á fundinum var rætt um að starfsfólk upplifði skort á sjálfstjórn meðal barnanna. Hafði það lagt of mikinn þunga á frelsi barna, frumkvæði, virkni og um leið tækifæri þeirra til þess að stjórna? Þau voru hvött til dáða og trú þeirra á eigin getu eflist, en hvað með virðingu, samvinnu og samábyrgð? Ljóst var að þýðingarmikið væri að leggja meiri áherslu á þau hugtök ef vinna skyldi vel að raunverulegum stöðum lýðræðis.

Liður í því var að halda umræðum barnanna lifandi, það er að segja dvelja lengur við viðfangsefnið og leitast síður við að fá fram tiltekið svar þó það „rétt“ væri komið fram. Starfsfólk taldi að með þeim hætti hefðu börnin tækifæri til umhugsunar og rökræðna sem væri góður kostur þegar kæmi að því að læra að hlusta á aðra, taka tillit til þeirra og bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum.

Í ljós kom að sköpunarferlið gat einnig verið hvetjandi vettvangur lýðræðislegra vinnubragða. Í því mátti greina lýðræði í virkni barnanna, umræðum þeirra, samvinnu, samhjálp og hvernig þau leituðu lausna.

Tíðrætt var mikilvægi þess að öll börn hefðu tækifæri til þess að njóta sín og leggja sitt að mörkum með einhverjum hætti. Áleit starfsfólk svo vera því skráningar upplýstu þá um þátttöku barnanna, sum voru virkari en önnur og var því veigamikil að stíga ekki á tær þeirra en jafnframt hvetja þau börn sem héldu sig til hlés til dáða. Ýmsar leiðir voru farnar til þess að koma til móts við þau og úthald þeirra, til dæmis vera með ákveðnar stöðvar innan hópsins og finna ólík verkefni sem börnin gætu gripið í en snúið til baka þegar áhuginn væri fyrir hendi. Í verkefninu höfðu börnin jafnframt færi á að tjá sig á marga vegu, í umræðu, í myndsköpun, í leik, tónlist og leikritum en þessar mismunandi tjáningarleiðir auðvelduðu aðkomu barnanna að verkefninu.

Börnin höfðu einnig mótandi áhrif á samfélag sitt með því að sækja heim ýmiss fyrirtæki, stofnanir, skóla, söfn og heimili. Þau báru fram margar spurningar og létu þær sig varða. Til að mynda höfðu þau mikinn áhuga á umferðaröryggi og ræddu við forráðamann SBK um bílbelti í strætó og fóru á

fund bæjarstjórnar þar sem þeim þótti nauðsynlegt að fá gangbraut yfir umferðargötu sem liggur á milli skólans og útikennsluvæðis hans. Var þeim vel tekið og eru framkvæmdir við gangbrautina hafnar. Bæjarstjórinn fékk auk þess bréf frá hópi sem tók nærri sér að Skessan í Skessuhelli væri sokkalaus og því hlyti henni að vera kalt á tánum, hann svaraði og stendur til að ráða bót á þessu á komandi ljósanótt með því að klæða hana betur. Aðrir hópar skoðuðu til dæmis leiksvæði í bæjarfélaginu og hönnuðu sitt eigið og hugmyndin var síðan rædd á fundi starfsfólks þar sem verið var að yfirfara útisvæðið. Auk þessa var samstarf við heimili töluvert, sum buðu heim og önnur voru skoðuð í þeim tilgangi að kynnast hugtakinu og fá tilfinningu fyrir legu bæjarins. Eftir sem áður varð hvorutveggja til þess að foreldrar fylgdust vel með framgangi verkefnisins og samstarf glæddist enn frekar.

Læsi

Um leið og unnið var út frá áhuga barnanna var einfalt að vekja þau til umhugsunar um læsistengd viðfangsefni. Forvitni þeirra varð til þess að þau tóku betur eftir umhverfinu og þá samfléttadist læsi þeirra þekkingarleit. Í raun var það ekki nýtt fyrir starfsfólki, því hugmyndafræði skólans gerir tilkall til þess að börn fái tíma og aðstoð við að kanna ítarlega ákveðin hugarefni. Við það bætist hugtakaskilningur barna líkt og í ferlinu, til dæmis að rétta heitið yfir fótbolta hjálpari sé dómari, átta sig á orðinu bæjarfélag og merkingu þess, gera sér grein fyrir hvaða orðasambönd tengjast ákveðnum vettvangi líkt og lögregla; vernd, glæpamaður, aðstoð, fjarskipti og svo framvegis. Upplýsingaöflun var margþætt eins og börnin eru vön, vettvangsheimsóknir, bækur og tölvur sem ýta undir skilning þeirra á því að ritmálið sé að segja þeim eitthvað. Jafnframt unnu börnin áfram að því að skrifa bréf eða rita á myndir eigin ígrundun.

Það sem helst var grætt af þróunarverkefninu og var viðbót við starfið var:

- Víðari skilningur á læsi
- Að vera vakandi fyrir og leitast eftir að nýta þau tækifæri sem birtust og tengja áhuga barnanna á stöfum og læsi inn í leikinn
- Gera sér betur grein fyrir hversu miklu börn væru að bæta við sig með því að rýna í skráningarnar

Skilning okkar á læsi

Hvað er læsi? Um tíma upplifðu kennarar að þeir væru lítið að vinna með læsi en raunin var önnur þegar rýnt var í skráningar. Upplifun kennara hafði litast af gamalli gróni og hefðbundnari skilning á læsi sem var fólgin í þeim þáttum sem snéru að stöfum og rituðu máli. Þegar það fór að líða á verkefnið sögðust kennarar vera farnir að átta sig á því að mögulegt væri að vinna með læsi á fjölbreytilegan máta:

- „Maður sá þetta alltaf fyrir sér í bók“
- „Þetta er svo nýtt, læsi í víðum skilningi, þetta var alltaf bara í bók og núna er þetta að lesa í umhverfi sitt.“

Greinilegt var þó að unnið var með læsi í víðum skilningi, það er að segja í formi, menningar-, samfélags- stærðfræði-, mynda- og tónlistarlæsis svo dæmi séu tekin. Stærðfræði og eðlisfræði birtust mikið í skráningum, til dæmis í magni og eðli hluta og hið skapandi ferli í því að börnin fengu tækifæri til að „lesa“ í það sem þau höfðu framkvæmt og lært af. Það er að segja líkt og þegar börnin

setja upp leikrit verður það að frásögn þeirra þar sem þau fá tækifæri til að endurvinnna, endurmeta og koma á framfæri upplýsingum og þekkingu.

Leiðir til að tengja áhuga barnanna á stöfum og læsi inn í leikinn.

Starfsfólk nýtti áhuga barnanna á stöfum og skiltum í umhverfinu með það að leiðarljósi að aðstoða þau við að lesa í umhverfið og færa það sem þeim þótti eftirtektarvert í skipulögðum stundum inn í leik barnanna.

- Myndir voru teknar af skiltum og merkingum sem vöktu áhuga barnanna, þær prentaðar, plastaðar og hafðar aðgengilegar í leikrými þeirra.
- Börnin bjuggu til stafi leikfanga og hengdu upp eftir fyrirmynd stafateppis sem þau höfðu séð á annarri deild
- Rúnir urðu viðfangsefni hóps og búnar voru til þrautir fyrir börn til að leysa. Síðar þróaðist það út í að börnin gátu valið sér stöð til að vinna með rúnir. Jafnframt voru rúnir notaðar í tengslum við eTwinning verkefni sem verið er að vinna í leikskólanum.
- Börnin fengu tækifæri til þess að tjá sig og skrifa bréf um áhugarefni (Skessuna) og lesa úr bréfum sem þeim bárust (Bæjarstjóra, Gáttaþef).

Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Skilningur og nálgun sem starfsfólk hefur varðandi lýðræði og læsi hefur aukist og um leið þátttaka og virkni allra. Skráningar hafa einnig orðið markvissari sem vinnuaðferð og gert kennara færari um að meta og þróa jafnóðum tiltekna þætti starfsins. Það sem stendur upp úr að lokum og er til marks um að markmiðum hefur verið náð er að starfsfólk vill vinna með sama hætti að nýjum grunnþáttum.

Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Á næsta ári er ætlunin að vinna áfram með viðfangsefnið Bæjarfélagið okkar en með áherslu á jafnrétti og sjálfbærni. Nú þegar höfum við séð hversu miklu vinna með læsi og lýðræði hefur áorkað innan skólans og má þar nefna matstofuna sem er samvinnuverkefni tveggja elstu deildanna og kemur í kjölfar umræðna um lýðræði (sjá heimasíðu). Læsisstengdir þættir eru einnig áberandi í skipulögðu starfi, umhverfi skólans og í leik barnanna. Kennarar eru upplýstari um þessa þætti og nýta betur skráningar til þess að athuga hvernig sé verið að vinna með þá og í hverju tækifærin liggja. Má því segja að verkefninu verði viðhaldið innan skólans en nú verði bætt við jafnrétti og sjálfbærni.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

- Þróunarverkefnið var kynnt á ráðstefnunni „Vaxtasprotar í skólastarfi“ síðasta haust
- Stóri leikskóladagurinn þann 7. júní 2013
- Fyrir leikskólastjórum úr Reykjavík í júní 2013
- Á fundi með foreldrum elstu barna leikskólans í september 2013
- Á heimasíðu leikskólans

Heimildaskrá:

Ferrance, E. (2000). *Action research*. Providence: Brown University.

Jóhann Einarsson. (2009). *Starfendranóknir*. Reykjavík:

Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng). Skoðað 25. Febrúar 2012 á <http://stofnanir.hi.is/rannung/sites/files/rannung/UmStarfsendarannsoknir.pdf>.